

Útilokuð eða útvalin: Val og aðgengi að nemendaráðum í íslenskum grunnskólum

Aníta Jasmín Finnsdóttir, Eva Harðardóttir og Auður Magnús Auðardóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Í nútímasamfélagi hefur samfélagsleg þátttaka barna aukist samhliða auknu lýðræði nemenda innan skólakerfisins. Val á nemendum í nemendaráð er mikilvægur þáttur í lýðræðislegri þátttöku í skólastarfi. Þó hefur skólakerfið tekið breytingum á síðastliðnum áratugum, þar sem félagsleg lagskipting, aðgreiningarþörf og markaðsvæðing hefur aukist og skólinn er orðinn merkingarbær vettvangur stéttaskiptingar. Í þessari rannsókn voru tekin fimm rýnihópaviðtöl við yfir áttatíu grunnskólanemendur sem sátu í nemendaráðum íslenskra grunnskóla. Markmið rannsóknarinnar var að kanna val á nemendum í nemendaráð íslenskra grunnskóla og rannsaka hvort nemendaráð væru vettvangur þar sem valdauppbygging samfélagsins endurskapaðist. Notast var við kenningar Lauru Lundy og Pierre Bourdieu sem greiningartæki í rannsókninni. Tvær rannsóknarspurningar voru settar fram: (1) Hvernig endurspeglar val á nemendum í nemendaráð félagslegan bakgrunn þeirra og stöðu innan skólasamfélagsins? (2) Hverjir hafa völd innan vettvangs nemendaráða og með hvaða hætti birtast slík völd? Með þemagreiningu viðtalanna myndaði aðalrannsakandi þrjú meginþemu: (i) Hefðbundið valferli nemendaráða speglar félagslega aðgreiningu, (ii) Ójöfn dreifing valds birtist innan nemendaráða, (iii) Nemendaráð eru vettvangur sem veitir útvöldum nemendum félagslegt og menningarlegt forskot. Þemun varpa ljósi á hvernig nemendaráð, líkt og skólinn, eru vettvangur fyrir endursköpun stéttaskiptingar þar sem ráðandi hópar styrkja stöðu sína enn fremur. Niðurstöður rannsóknarinnar samræmast þróun menntakerfisins þar sem aðgreiningarþörf nemenda og skóla hefur aukist. Nemendur með verðugan veruhátt og táknrænt auðmagn hafa forskot á samnemendur sína að aðgengi nemendaráða, sem og að valdi innan þeirra. Rannsóknin varpar ljósi á félagslegar skekkjur er varða lýðræði barna og ungmenna á borð við val og þátttöku innan menntavettvangsins og hvernig félagsleg lagskipting endurskapast í gegnum kynslóðir. Rannsóknin undirstrikar þörf á gagnrýninni endurskoðun á vali í nemendaráð í íslenskum grunnskólum og að mikilvægt sé að finna nýjar og fjölbreyttari leiðir til að tryggja öllum börnum raunverulegt tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku innan menntavettvangsins, óháð félagslegum bakgrunni þeirra og valdastöðu innan og utan veggja skólans.

Efnisorð: nemendaráð, val, félagsleg lagskipting, auðmagn, lýðræðisleg þátttaka

Inngangur

Á síðustu áratugum hefur aukin áhersla verið lögð á samfélagslega þátttöku barna og menntakerfið orðið að lykilvettvangi í því (Guðrún Kristinsdóttir, 2017; Hill, 2004). Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna markaði tímamót í réttindum barna og hefur haft áhrif á stefnumótun í skólakerfinu, þar sem lögð er áhersla á að tryggja börnum rödd og áhrif í eigin málum (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Umboðsmaður barna, 2023). Norðurlöndin byggja á slíkum hugmyndum um inngildandi, lýðræðislegt og sjálfbært menntakerfi og þar gegna nemendaráð lykilhlutverki í lýðræðislegri þátttöku ungs fólks (Ragný Þóra Guðjohnsen og Eva Harðardóttir, 2025). Norðurlöndin hafa einnig sett sér stefnu til 2030 um að þau verði á alþjóðavísu besti staðurinn fyrir börn að búa á (Norræna ráðherranefndin, 2020). Í lögum um íslenska grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver skóli skuli hafa nemendaráð sem vinni að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nýlegar rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á að mjög afmarkaður hópur fái í raun að taka þátt í nemendaráðum, og að þátttakan hafi minnkað (Schulz o.fl., 2024). Þar að auki hefur trú nemenda á merkingarbærni og mikilvægi nemendaráða einnig minnkað (Long og Grant, 2024; NICCY, 2022). Á sama tíma og grefur undan þátttöku og tiltrú ungs fólks á lýðræðislega þátttöku hefur skólakerfið jafnframt tekið miklum breytingum þar sem félagsleg lagskipting, aðgreiningarþörf og markaðsvæðing hefur aukist (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013; Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018).

Rannsókn þessi leggur áherslu á tengsl milli þátta sem undirbyggja ofangreinda þróun; lýðræðislegar þátttöku, félagslegs hreyfanleika og endursköpunar stéttaskiptingar. Hún byggir á gagnrýnu sjónarhorni og nýtir bæði þáttökulíkan Laru Lundy (2007) og kenningar Pierre Bourdieu til að greina hvernig val og þátttaka í nemendaráðum endurspeglar valdauppbyggingu, stéttaskiptingu og rétt barna til lýðræðislegrar þátttöku. Rannsóknir á nemendaráðum hérlendis eru fáar og engar rannsóknir, svo vitað sé, beina sjónum sínum að vali í nemendaráð eða virkni þeirra í tengslum við kenningar Bourdieu. Þær rannsóknir sem til eru á nemendaráðum varpa allra helst ljósi á hlutverk þeirra við að efla lýðræðislega þátttöku og borgaravitund nemenda, en lítið er vitað um hvaða börn eða ungmenni fá raunverulegt tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku og hvaða skilning þau leggja í eigin þátttöku á vettvangi nemendaráða (Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Geirsdóttir, 2018; þingskjal nr. 568/2005). Mikilvægt er að rannsaka lýðræðislega þætti menntunar í þessu samhengi, þar sem vitað er að skólakerfi virka einnig sem vettvangur stéttaskiptingar (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Bourdieu og Passeron, 1990) og því brýnt að huga stöðugt að því með hvaða hætti sé hægt að tryggja öllum börnum og ungu fólki aðgengi að lýðræðislegum upplifunum á vettvangi menntunar (Eygló Rúnarsdóttir, 2017). Í því ljósi voru settar fram tvær rannsóknarspurningar:

- (1) Hvernig endurspeglar val á nemendum í nemendaráð félagslegan bakgrunn þeirra og stöðu innan skólasamfélagsins?
- (2) Hverjir hafa völd innan vettvangs nemendaráða og með hvaða hætti birtast slík völd?

Lýðræði og réttindi barna í skólakerfinu

Lýðræði er yfirgripsmikið og fjölþætt hugtak en grunnskýring þess er sú að lýðræði er stjórnskipulag þar sem uppsprettu valdsins má rekja til fólksins og réttinda þeirra (Gunnar Helgi Kristinsson, 2008). Lýðræði og menntun hafa löngum verið samofin og þrátt fyrir aukna áherslu á réttindi og þátttöku barna í skólastarfi nútímans (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2022) ná hugmyndir um lýðræðislegt nám og menntun langt aftur. Einn helsti áhrifavaldurinn í þeim efnum var vafalaust fræðimaðurinn John Dewey sem ritaði bókina *Lýðræði og menntun* árið 1916. Í umfjöllun sinni um verkið leggur Atli Harðarson (2016) áherslu á að Dewey hafi ekki einungis skrifað á framsækinn hátt um lýðræði sem lifandi og skapandi reynslu, heldur einnig byggt á hugmyndum um jafnrétti og jöfnuð sem birtast ekki síst í möguleikum fólks til að taka þátt í að móta samfélagið út frá eigin forsendum og hugðarefnum.

Lýðræði hefur lengi verið hluti af íslenskri menntastefnu og tengist ekki síst samofinni og sögulegri hefð norræna þjóða þar sem hugmyndir um menntun sem félagslegan og lýðræðislegan vettvang sem og uppeldisleg áhrif kennara hafa fengið að blómstra. Fræðimenn hafa í þessu samhengi bent á að á árunum 1945 til 1970, sem þeir nefna „gullöld“ norræna menntamódelisins, hafi þættir eins og félagsleg þátttaka nemenda og jafnrétti fengið aukið vægi og breiðst út á Norðurlöndunum (Telhaug o.fl., 2006). Nýlegar og samræmdar áherslur Norðurlandanna í menntamálum endurspeglja þessa hefð í gegnum áherslur á inngildingunni, lýðræði og sjálfbærni sem eiga að tryggja öllum börnum möguleika til þátttöku og áhrifa í samfélaginu (Norræna ráðherranefndin, 2020).

Fyrstu ákvæði um lýðræðisleg vinnubrögð í grunnskólum má rekja til ársins 1974 (lög um grunnskóla nr. 63/1974). Töluvert síðar, eða árið 1990, komu til breytingar á lögum sem veittu heimild til þess að stofna nemendaráð fyrir nemendur í elstu bekkjum grunnskólans. Í núgildandi lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er gert ráð fyrir að í öllum skólum skuli starfa nemendafélag (síðar nemendaráð) og skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess. Þá má einnig nefna að í *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) er lýðræði skilgreint sem einn af sex grunnþáttunum menntunar og í aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030 er lögð sérstök áhersla á virkt nemendalýðræði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2021).

Tilkoma Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 1989 markaði tímamót í réttindum barna og viðhorfum til samfélagslegrar þátttöku þeirra (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Sérstaklega hefur 12. gr. sáttmálans haft áhrif á umræðu og stefnumótun í menntakerfinu, en þar er kveðið á um rétt barna til að tjá sig um öll málefni sem þau varða og að fullorðnum beri skylda til að hlusta og taka mark á þeim (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Umboðsmaður barna, e.d.). Ísland undirritaði sáttmálann árið 1990, fullgilti hann 1993 og lögfesti árið 2013. Með lögfestingunni skuldbatt íslenska ríkið sig til að tryggja börnum raunverulegan vettvang til þátttöku í samfélaginu, ekki síst á vettvangi menntunar, í stefnumótun og ákvarðanatöku (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Umboðsmaður barna, e.d.).

Þrátt fyrir vaxandi áherslu á lýðræði og þátttöku barna í íslenskri og erlendri menntastefnu hefur verið bent á að útfærslu þessara hugmynda í skólastarfi sé oft ábótavant (Long og Grant, 2024; NICCY, 2022; Schulz o.fl., 2024). Þannig vakti fræðikonan Laura Lundy (2007) sérstaka athygli á takmarkaðri framfylgni við 12. gr. Barnasáttmálans, sem jafnframt er sú grein sem oftast er vísað til í tengslum við lýðræðislegt skólastarf. Lundy (2007) lagði í kjölfarið fram líkan sem greiningartæki á samráð við börn, en líkanið er eins konar leiðarvísir um fjórar grundvallarvíddir sem horfa þarf til þegar þátttaka barna og ungmenna er metin. Víddirnar fjórar eru rödd (e. voice), vettvangur (e. space), áheyrn (e. audience) og áhrif (e. influence). Þátttaka barna grundvallast þannig í að börnum séu gefin tækifæri til að tjá skoðanir sínar á tilteknum vettvangi, en samkvæmt 12. greininni er þess krafist að ríki tryggi öllum börnum, án mismununar, rétt til að láta skoðanir sínar í ljós. Þá þarf einnig samkvæmt leiðarvísi Lundy (2007) að tryggja að ábyrgðaraðilar veiti skoðunum barna raunverulega áheyrn sem leiði til áhrifa á ákvarðanir sem þau varða. Fræðilíkan Lundy (2007) veitti nýja sýn á innleiðingu merkingarbærrar þátttöku barna, í stað sýndarsamráðs (e. tokenism) milli fullorðinna og barna.

Nemendaráð í grunnskólum falla vel að líkani Lundy en þar eiga, lögum samkvæmt, nemendur að hljóta faglegan stuðning til þess að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum sínum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Nánari útfærsla, svo sem að setja reglur er varða meðal annars kosningu í stjórn nemendaráða og kosningu fulltrúa í skólaráð, er á ábyrgð einstakra skóla. Lög og stefnur um nemendaráð hérlendis samræmast stefnu annarra Norðurlanda þar sem áhersla er lögð á mikilvægi nemendaráða til að tryggja lýðræðislega þátttöku ungs fólks, á sama tíma og skólar hafa umtalsvert frelsi til að útfæra val á nemendum í ráðið og verkefni að eigin vild (Norræna ráðherranefndin, 2020; Ragný Þóra Guðjohnsen og Eva Harðardóttir, 2025).

Á alþjóðavísu hafa rannsóknir leitt í ljós að þeir nemendur sem taka virkan þátt í nemendaráðum öðlast mikilvæga reynslu sem getur stutt við borgaravitund og virka þátttöku þeirra sem samfélagsþegnar (Halfon, 2022). Aðrar rannsóknir benda einnig til þess að þátttaka í nemendaráðum tengist bættum námsárangri, dragi úr einelti og auki félagslega og pólitíska vitund nemenda (Shier, 2019). Þrátt fyrir augljóst og mikilvægt hlutverk nemendaráða til að efla lýðræðislega þátttöku og þroska nemenda er þó enn lítið vitað um hvaða börn fá helst tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku á slíkum vettvangi, en nýlegar rannsóknir greina frá því að þátttaka í nemendaráðum fari minnkandi og að vísbendingar séu um að einungis afmarkaður hópur barna taki þátt í starfi þeirra. Afmarkaður hópur fái í raun aðgengi að þátttöku í nemendaráðum sem og að þátttakan hafi minnkað. Þá hefur trú nemenda á merkingarbærni og mikilvægi nemendaráða einnig dvínað (Long og Grant, 2024; NICCY, 2022).

Í nýlegri samantekt kemur í ljós að þrátt fyrir að nemendaráð gegni veigamiklu hlutverki í menntastefnu allra Norðurlandanna skortir í mörgum tilvikum á að tryggja aðgengi mismunandi hópa að þeim, svo sem fatlaðra nemenda, yngri nemenda og nemenda með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn (Ragný Þóra Guðjohnsen og Eva Harðardóttir, 2025). Aðrar rannsóknir hafa einnig dregið upp þá niðurstöðu að í sumum tilfellum sé áherslum og verkefnum nemendafélaga stjórnað af fullorðnum og að nemendur upplifi vald sitt og vægi til ákvarðanatöku takmarkað (Shier, 2019; Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, 2024; Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Geirsdóttir, 2018).

Þróun íslensks menntakerfis hefur á seinustu árum einkennst af aukinni aðgreiningarþörf, markaðsvæðingu og lagskiptingu innan skólakerfisins þar sem ákveðnir hópar eiga meiri möguleika á að efla eigin valdastöðu en aðrir (Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen, 2024; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Eva Harðardóttir, 2022). Það er því vert að skoða hvort og hvernig þessi þróun hefur fléttast við starfsemi nemendaráða, en slík greining hefur ekki verið gerð í tengslum við aðgengi og valferli nemenda í nemendaráð á íslenskum menntavettvangi fyrir.

Félagsleg lagskipting og áhrif valdastrúktúra í menntakerfinu

Í þessari grein verður stuðst við nokkur aflykilhugtökum Bourdieu til að varpa ljósi á aðgengi nemenda í grunnskólum að nemendaráðum. Bourdieu afbyggði hugmyndina um að skólakerfi grundvallist á verðleikaræði, sem gengur út frá þeirri grunnforsendu að öll börn geti náð árangri óháð stéttarstöðu og uppruna ef þau leggi hart að sér og velji rétt (Bourdieu og Passeron, 1990). Íslenskt fræðafólk hefur einnig tekið verðleikaræði innan menntavettvangsins til gagnrýninnar skoðunar (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013; Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018). Meginstefið í þessum rannsóknum er að skólakerfið viðhaldi og endurskapi stéttartengd valdatengsl (Bourdieu og Passeron, 1990), en í þessari grein verður varpað ljósi á hvort og þá hvernig aðgengi nemenda að nemendaráðum fellur að þessum rannsóknum.

Í greiningu okkar á valdatengslum innan vettvangs nemendafélaga munum við styðjast við skilgreiningar Bourdieu á stétt. Bourdieu (1989) greindi þrjár tegundir auðmagns sem börn erfa beint eða óbeint frá fyrri kynslóðum, það er efnahagslegt, félagslegt og menningarlegt auðmagn. Á vettvangi nemendaráða og grunnskóla má telja líklegt að félagslegt auðmagn skipti sköpum. Með félagslegu auðmagni átti Bourdieu við það tengslanet sem einstaklingar hafa, sem metið er að verðleikum innan tiltekins vettvangs, hér skólans (Bourdieu, 1986; Lareau, 2002). Menningarlegt auðmagn getur einnig skipt máli en það getur til að mynda birst í að þekkja og kunna að meta „réttu“ menningarafurðirnar, svo sem kvikmyndir og tónlist, en kristallast einnig í viðmóti, framkomu og hegðun (Ármann Jakobsson, 2002; Bourdieu, 1986; Gestur Guðmundsson, 2012).

Annað lykilhugtak Bourdieu sem við nýtum í þessari rannsókn er vettvangur. Vettvangur er hér skólinn og/eða nemendaráðið. Bourdieu sýndi fram á að innan hvers vettvangs væru ákveðnar leikreglur og valdatengsl (Bourdieu, 1993; Bourdieu og Wacquant, 1992). Forsenda þess að vettvangur myndist er að innan hans séu gæði sem einstaklingar telja eftirsóknarverð. Smám saman mótast

leikreglur og togstreita í baráttu einstaklinga um gæðin (Gestur Guðmundsson, 2012). Bourdieu kallar það táknrænt auðmagn (e. symbolic capital) þegar einstaklingar geta virkjað það auðmagn sem þeir búa yfir til að hafa áhrif á vettvanginn sér í hag (Bourdieu, 1989; Bourdieu og Wacquant, 1992). Táknrænt auðmagn skapar þekkingu og mótar veruhátt (e. habitus) sem er hátt metinn innan valdavettvangsins (e. field of power) (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020). Veruháttur grundvallast þannig af reynslu, bakgrunni og stöðu einstaklinga í félagslega stigveldinu. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hvernig stéttbundin átök birtast innan vettvangs nemendaráða og skóla.

Einnig viljum við skoða hvort og þá hvernig táknrænt ofbeldi (e. symbolic violence) birtist í aðgengi nemenda að nemendaráðum, en það felst í að þau sem koma að umræddum vettvangi samþykkja óskrifaðar leikreglur hans sem náttúrulegar og réttar, einnig þau sem hafa lítið táknrænt auðmagn. Ráðandi hópar þurfa einungis að spila eftir leikreglum sem þeir þekkja vel til að halda stöðu sinni. Þeir sem hafa ekki slíkt vald og þekkingu á leikreglum sætta sig við undirskipun sína sem sjálfgefna (Auður Magnús Auðardóttir, 2022; Bourdieu og Wacquant, 1992).

Menntavettvangurinn hefur nokkuð verið skoðaður hérlendis með tilliti til lagskiptingar og stéttaátaka, meðal annars út frá kenningum Bourdieu. Valferli sem varðar nám eða störf mótast af félagslegum þáttum, en algengasta form þess er samspil stéttarbakgrunns og kynferðis (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2013). Tengslanet og óformlegar upplýsingar eiga það til að skipta gífurlega miklu máli í þessu valferli (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018). Þá sýnir rannsókn Ásgerðar Bergsdóttur og Berglindar Rósar Magnúsdóttur (2018) einnig að þátttaka í félagslífi framhaldsskólanna markast ekki síst af veruhætti og stéttarstöðu nemendanna. Hið sama á við um þátttöku foreldra í foreldrasamfélagi grunnskólanna (Auður Magnús Auðardóttir, 2021). Því eru vísbendingar um að stéttbundin átök séu til staðar innan félagslegs vettvangs skólakerfisins, en ekki hefur verið skoðað áður hvernig og að hvaða marki þetta á við um aðgengi að nemendaráðum.

Aðferð

Í rannsókninni var notað eigindleg aðferð og gagna aflað með því að taka hálfopin (e. semi-structured) rýnihópaviðtöl, þar sem leitað var eftir reynslu og upplifun fulltrúa nemenda í nemendaráðum af valferli og þátttöku þeirra. Við val á viðmælendum í rannsóknina var notast við hentugleika- og snjóboltaúrtak. Leitast var eftir þátttöku nemenda úr nemendaráðum frá mismunandi grunnskólum með tilliti til nemendafjölda, fjölbreytni og staðsetningu skólanna á landinu. Upprunalega var haft samband við þrjú grunnskóla á landsbyggðinni og tvo á höfuðborgarsvæðinu. Ekki fengust jákvæð svör frá öllum skólunum og því var farin sú hentugleikaleið að einn höfunda nýtti persónuleg tengsl til að óska eftir þátttöku annars grunnskóla sem féll vel að þeirri afmörkun sem upphaflega var sett um fjölbreytni í vali á skólum.

Í viðtölunum var notaður hálfopin viðtalsrammi (Braun og Clarke, 2013) með það að leiðarljósi að skapa flæðandi umræður sem þó stýrast af rannsóknarefninu. Spurt var um sýn og upplifun viðmælenda á valferlið sem þau fóru sjálf í gegnum til að taka þátt í nemendaráði í sínum skóla, sem og vinnulag og verkefnaval. Til að öðlast ítarlegri upplýsingar um félagslegan bakgrunn og veruhátt viðmælenda voru nemendur einnig beðnir að svara spurningum um menntun og atvinnu foreldra sinna, auk þess að meta bæði námslega og félagslega stöðu sína í skólanum. Viðtölin fóru fram 16. janúar til 27. febrúar 2025 í grunnskólum viðmælenda og tóku 30 til 50 mínútur hvert. Eftir gagnasöfnun voru viðtölin afrituð og þemagreind í anda aðferðafræði Braun og Clarke (2013). Hún felur í sér sex þrepa verklag þar sem viðtöl eru fyrst afrituð og endurlesin, þar á eftir eru fyrstu athugasemdir skrifaðar niður, síðan eru þau kóðuð, rannsakandi ber kennsl á mynstur í gögnunum og mótar út frá því þemu með rannsóknarspurningarnar að leiðarljósi.

Rannsóknin var unnin samkvæmt vísindasiðareglum Háskóla Íslands (2020) ásamt almennri leiðsögn varðandi þátttöku barna í vísindarannsóknnum (Guðrún Kristinsdóttir, 2017). Almenn viðmið krefjast samþykkis forsjáraðila þegar um ræðir þátttöku barna í rannsóknnum, en slík krafa var ekki gerð í þessari rannsókn þar sem viðfangsefnið var ekki talið viðkvæmt, né heldur að rannsóknin hefði neikvæð áhrif á þátttakendur. Barnasáttmálinn styður við að leitast sé eftir samþykki barns en með því viðurkennir rannsakandi að virða barn sem sjálfstæðan einstakling. Því voru fulltrúar nemendaráðanna sem völdust til þátttöku sjálfir beðnir að veita skriflegt upplýst samþykki. Áður en nemendur skrifuðu undir það fengu þau ítarlega kynningu á tilgangi rannsóknarinnar, úrvinnslu gagnanna og útskýringar á að engin persónuleg einkenni væru rekjanleg til þeirra.

Skólarnir fimm

Grunnskólar sem samþykktu að taka þátt voru bæði af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og endurspegluðu fjölbreytt form nemendaráða og breiðan hóp nemenda. Í rýnihópaviðtölunum voru 87 nemendur úr 8.–10. bekkjum sem öll sátu í nemendaráðum í sínum grunnskóla. Til að tryggja persónuvernd viðmælenda fengu skólarnir eftirfarandi dulnefni: Jónsskóli, Arnarsskóli, Jökulsskóli, Emilsskóli og Viktorsskóli. Nánari lýsingu á stærð, samsetningu og valferli í nemendaráð umræddra skóla má sjá í Töflu 1.

Tafla 1

Yfirlit um ólíka stöðu nemendaráðanna, fjölda þátttakenda, valferli og félagslegan bakgrunn nemenda

	Skólar á landsbyggðinni			Skólar á höfuðborgarsvæðinu	
	Jónsskóli	Arnarsskóli	Jökulsskóli	Emilsskóli	Viktorsskóli
Fjöldi þátttakenda	6	9	35	10	27
Hlutfall stúlkna	50%	33%	66%	40%	81%
Hlutfall drengja	50%	67%	34%	60%	19%
Hlutfall nemenda sem eiga að minnsta kosti eitt foreldri með háskólamenntun	100%	78%	76%	80%	100%
Hlutfall nemenda sem telja félagslega stöðu sína yfir meðallagi	100%	100%	100%	90%	89%
Valferli	Framboð og kosningar þvert á unglíngastig	Framboð og kosningar í hverjum árgangi	Umsóknir sem kennarar velja úr	Framboð og kosningar í hverjum árgangi	Opið öllum nemendum elsta stigs

Ljóst er að Jökulsskóli og Viktorsskóli nota óhefðbundnar leiðir, það er að styðjast ekki við formleg framboð og kosningar, til að velja nemendur í nemendaráð, en eru jafnframt með fjölmennari nemendaráð. Í Jökulsskóla fá allir nemendur elsta stigs að sækja um þátttöku í nemendaráði og þurfa þá að útskýra hvers vegna þau vilja taka þátt. Kennarar sem hafa umsjón með nemendaráðinu vinna svo úr umsóknunum og nemendur úr 10. bekk hafa forgang í ráðið ef umsóknir eru margar. Í Viktorsskóla er einnig fjölmennat nemendaráð, en þar er þátttaka nemenda frjáls og fjöldinn fer gjarnan eftir þeim viðburðum sem nemendaráðið vinnur að. Í Jóns-, Arnars- og Emilsskóla er hefðbundnara valferli þar sem nemendur eru kosnir af samnemendum sínum, alla jafna í upphafi skólaárs.

Niðurstöður og umræður

Þær niðurstöður sem hér verða kynntar byggja á framangreindu greiningarferli og túlkun rannsakenda á gögnunum. Út frá þemagreiningunni myndaði aðalrannsakandi þrjú þemu sem verða hér tekin til umfjöllunar og fléttuð saman við fræðin.

Hefðbundið valferli nemendaráða speglar félagslega aðgreiningu

Aðspurð um mat á félagslegri stöðu sinni innan veggja skólans sögðust 93% nemenda standa vel eða mjög vel í félagslífi, sem felst meðal annars í að eiga marga góða vini í skólanum. Slík niðurstaða kemur ekki endilega á óvart þar sem þau tilheyra nú þegar ríkjandi vettvangi í félagslífi skólans með þátttöku sinni í nemendaráði en athygli vekur að hér virðist ekki skipta máli með hvaða hætti skólarnir völdu nemendur inn í nemendaráðin. Fram hefur komið að Jóns-, Arnars- og Emilsskóli beita hefðbundinni aðferð í formi framboðs og lýðræðislegrar kosningar þar sem valdir eru nemendur í nemendaráð þeirra skóla. Framkvæmdin er þó ekki að fullu sú sama því í Jónsskóla kys allt unglíngastigið nemendur úr öllum árgöngum stigsins en í Arnars- og Emilsskóla kys hver árgangur einungis fulltrúa úr sínum árgangi. Í þessum skólum var fulltrúum nemendaráðanna tíðrætt um kosti þess að þurfa einungis atkvæði úr eigin árgangi eða bekk og tengdu eigið kjör meðal annars við vinsældir. Þannig sagði strákur úr 8. bekk í Emilsskóla að kjör hans í nemendaráðið hefði byggst á trausti frá samnemendum sínum: „Ég þekki flesta í árganginum þannig að þau einhvern veginn treystu mér smá.“ Tengslanet einstaklinga virðast þannig skipta gríðarlegu máli í valferli og má ætla að þau eflist eftir því hve margir eru innan þess og hve sterk tengslin eru (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Bourdieu og Wacquant, 1992). Þessir þættir komu skýrt í ljós hjá nemendum Arnars- og Emilsskóla og birtust ekki síst í félagslegri stöðu nemenda í tengslum við vinsældir og vinahópa. Í Jónsskóla kom einnig fram mikilvægi þess að þekkja nemendur úr öðrum bekkjum, en aðspurð um kosningaferlið sjálft fór af stað samtal milli meðlima nemendaráðsins:

„Já það er bara félagslífið sko bara í hvaða hóp þú ert“ ... „mér finnst mjög mikil áhrif á hvað þú ert í stórum vinagrúppum og svona“ ... „já það veitir alveg forskot sko“ ... „líka því það eru allir bekkir sem kjósa 8., 9., og 10. þannig tengsl við aðra bekki og þannig það skiptir máli“.
(Nemendaráðsmeðlimir úr Jónsskóla).

Aðrir þættir sem viðmælendur töldu hafa áhrif á hvaða nemendur væru kosnir í ráðið voru sem dæmi áhrif hvatningar frá ytri aðilum eins og skólastarfsmönnum eða fjölskyldumeðlimum. Spurningalistinn sem fulltrúar nemendaráðanna voru beðnir að fylla út í lok viðtalanna leiddi í ljós að langflestir áttu að minnsta kosti eitt foreldri/forsjáraðila með háskólamenntun. Þá staðreynd má tengja við hugmyndir Bourdieu um menningarlegt auðmagn og hvernig félagsleg lagskipting endurskapast í gegnum kynslóðir. Viðmælendurnir höfðu þannig flestir fæðst með forskot vegna arfleifðar fyrri kynslóðar og lýstu hvernig væntingar og verðugleikamæti skólans væri þeim bæði kunnugt og mikilvægt (Bourdieu, 1984; Gestur Guðmundsson, 2012). Þar að auki áttu nokkrir viðmælendur háskólamenntaða foreldri/forsjáraðila sem starfaði innan skólanna og virtist sú staða skila sér í aukinni hvatningu og möguleikum til þátttöku í nemendaráði. Slíkar tengingar bera vott um þekkingu og reynslu sem eldri kynslóðir miðla til barna sinna í formi táknaðs auðmagns.

Þegar foreldrar hvetja börn sín sérstaklega til þátttöku í nemendaráðum, og búa þau jafnvel undir slíka þátttöku, veita þeir þeim forskot sem getur ýtt þeim ofar í valdakerfi skólans. Þannig verða ákveðnir nemendur sýnilegri innan menntavettvangsins, sem aftur styrkir stöðu þeirra í formlegum og óformlegum valdastiga hans (Bourdieu, 1989).

Fulltrúar frá Jóns-, Arnars- og Emilsskóla greindu frá því að fyrri reynsla hefði einnig áhrif á kjör þeirra. Drengur úr 10. bekk í Emilsskóla sem hafði verið í nemendaráði síðan í 8. bekk sagði: „Ég man bara þarna í áttunda bekk þá er maður þú veist, þarf maður ekki almennilega ræðu, en síðan núna getur maður bara sagt ég hef verið í þessu áður og ég kann þetta [...] það hjálpar allveg mikið að hafa byrjað í áttunda bekk.“ Upplifun hans má tengja við kenningar Bourdieu um samspil veruháttar og vettvangs og hvernig menntavettvangurinn getur endurskapað táknrænt ofbeldi þar sem valdhafandi hópar réttlæta hvernig útdeila skuli völdum. Það að sömu nemendur hafi ávallt aðgengi að nemendaráðum og styrki stöðu sína með hverju ári er dulin birtingarmynd þess að ráðandi hópar fari eftir kunnuglegum leikreglum sem jafnframt útiloka aðra hópa frá þessum sama vettvangi (Bourdieu og Wacquant, 1992; Gestur Guðmundsson, 2012). Þannig má tengja hefðbundið valferli nemendaráða með skýrum hætti við félagslega stöðu nemenda sem endurspeglast í frásögnum viðmælenda af vinsældum, vinatengslum, hvatningu ytri aðila og fyrri reynslu.

Nemendaráð Jökuls- og Viktorsskóla byggja ekki á hefðbundnu valferli og því voru viðtölin við fulltrúa nemendaráða þessara skóla að mörgu leyti ólík þeim fyrrnefndu. Viktorsskóli er með nemendaráð opið öllum nemendum sem laðar að sér stóran hóp nemenda. Ráðið virðist þó hafa litla formfestu varðandi fundi, eiginlegan tilgang og markmið. Flestir nemendur sem sátu í nemendaráði og rætt var við í þessari rannsókn komu úr tíunda bekk. Þau skilgreindu sig öll í félagslega góðri stöðu, auk þess að eiga öll að minnsta kosti eitt foreldri með háskólamenntun. Þrátt fyrir að aðgengi nemendaráðs Viktorsskóla virtist opið á yfirborðinu kom í ljós að ákveðinn hópur átti auðveldara með að ná inn á vettvang þess og virkja tækifærin sem þar voru. Slíkar niðurstöður samræmast hugmyndum Bourdieu (1989) um að menntastofnanir viðhaldi stéttaskiptingu með því að umbuna þeim sem búa yfir ríkjandi formum táknræns auðmagns, jafnvel án þess að það sé formlega skilgreint eða meðvitað.

Í Jökulsskóla er fyrirkomulagið með þeim hætti að nemendur sækja um inngöngu í nemendaráðið og greina frá hvað þau hafi fram að færa til ráðsins, styrkleikum sínum og hvers vegna ætti að velja þau. Kennarar, sem jafnframt eru umsjónarmenn nemendaráðsins, vinna úr umsóknunum og mynda ráðið. Í viðtölunum kom í ljós að aðferðin var tekin upp til að sporna gegn vinsældakosningum sem áður höfðu tíðkast, og virtust viðmælendur afar ánægð með fyrirkomulagið sem þau sögðu skila sér í fjölbreyttara nemendaráði. Fjölbreytileikinn endurspegladist mögulega einnig í að í nemendaráði Jökulsskóla áttu 76% viðmælenda háskólamenntað foreldri/forsjáraðila, sem var töluvert lægra hlutfall en í hinum skólunum. Viðmælendur frá Jökulsskóla töldu sig þó nær öll standa vel félagslega innan veggja skólans, sem kemur aftur inn á mikilvægi félagslegs auðmagns í að ná að virkja þau tækifæri sem fyrir eru á vettvangi skólans.

Þannig má álykta að þrátt fyrir að fyrirkomulag Jökulsskóla hafi orðið til þess að sporna gegn vinsældakosningum megi þannig engu að síður sjá hvernig félagslegt auðmagn heldur áfram að hafa áhrif á aðgengi að valdastöðum innan skólans. Með þátttökulíkani Lundy (2007) má skoða hvernig fyrirkomulag valferlisins hefur áhrif á bæði vettvang og rödd nemenda. Með því að kalla eftir umsóknum í nemendaráðið frá öllum nemendum er þeim veittur ákveðinn vettvangur til að tjá vilja sinn til þátttöku á grunni persónulegrar reynslu og rökstuðnings. Á hinn bóginn má einnig ætla að slík krafa útiloki ómeðvitað þá nemendur sem ekki búa yfir félagslegu eða menningarlegu auðmagni og dragi þannig úr fjölbreytileika þeirra radda sem fá að heyrast innan ráðsins. Í anda Bourdieu má því segja að þótt leikreglum sé breytt, þá haldi þeir sem búa yfir táknrænu auðmagni áfram að hafa forskot þar sem þeir ráða betur við óskráðar væntingar innan vettvangs skólakerfisins. Með öðrum orðum, þau hafa réttan veruhátt. Umsóknir sem krefjast sjálfsupphafningar og ákveðinnar orðræðu eru þannig dæmi um hvernig valdið færast yfir í nýja umgjörð en viðheldur undirliggjandi aðgreiningu byggðri á félagslegri stöðu (Bourdieu, 1984, 1986, 1989).

Ójöfn dreifing valds innan nemendaráða

Viðmælendur frá öllum skólum gátu nefnt dæmi um að innan nemendaráðanna hefðu þau ákveðin völd og áhrif til að koma eigin hugmyndum á framfæri. Þannig má skilgreina nemendaráð sem vettvang í anda fræðilíkans Lundy (2007) sem styður við merkingarbæra þátttöku barna í ákvarðanatöku um málefni sem þau varða. Völdin sem þau greindu frá tengdust ákvörðunum í tengslum við fjárhag, viðburði og skipulag á félagslegum þáttum skólastarfsins. Með þessu valdi nefndu nemendur þó einnig þá auknu ábyrgð sem á þau var sett, sem birtist oftast með þeim hætti að þau skilgreindu sig sem fyrirmyndir annarra nemenda í skólanum. Í Jónsskóla skapaðist samtali milli fulltrúa nemendaráðsins um ábyrgð þess að vera í nemendaráði:

„Samt alveg í nemendaráðinu þá höfum við alveg völd en þurfum samt að vera fyrirmyndir“ ... „við þurfum að líta vel út á blaði“ ... „þú veist ég held það hafi líka bara verið í reglunum þarna í byrjun að við þurfum að vera góðar fyrirmyndir“ ... „líka bara í daglegu lífi megum við ekki bara vera einhverjir algjörir fávitar og megum ekki vera leiðinleg við fólk eða neitt þannig, við bara þurfum að vera góð við alla“. (Nemendaráðsmeðlimir úr Jónsskóla).

Veruháttur nemenda og vettvangurinn sem þau tjá sig innan spila hér saman með mikilvægum hætti. Ef slíkt færi á skjön nefndu nemendur að brottvísun væri möguleg afleiðing, líkt og formaður nemendaráðs Jökulsskóla lýsti: „Það er sko þannig að ef við fáum mikið af skráningum þá erum við eða þá þurfum við að fara úr nemendaráðinu.“

Það virðist því mikilvægt að þekkja leikreglur vettvangsins og hafa réttan veruhátt, bæði fyrir aðgengi að nemendaráði en einnig til að viðhalda stöðu sinni innan ráðsins. Í sumum viðtölum kom fram að dæmi væru um að meðlimum, í öllum tilvikum strákum, hefði verið vísað úr ráðinu sökum brots á hegðunarviðmiðum. Heyra mátti á svörum viðmælenda að strákar sæktust frekar eftir þátttöku í nemendaráði fyrir skemmtanagildi og fríðindi, en stelpur vísuðu til meiri merkingarbærni og hvata á borð við aukna ábyrgð, áhrifatilfinningu og framtíðarhagsmuni. Þegar nemendur voru spurð út í ástæður fyrir þátttöku sinni í nemendaráðum svöruðu strákar úr Jóns- og Arnarskóla til dæmis með eftirfarandi hætti: „Bara upp á fun-ið [skemmtun]“, „til að fá frían mat á jólagleðinni“ og „til að sleppa vali“.

Annað viðhorf einkenndi stráka frá Jökulsskóla en varaformaður og gjaldkeri nemendaráðsins þar, sem báðir eru strákar, útskýrðu vilja sinn fyrir þátttöku með því að segja: „Þetta er seinasta árið okkar og við fáum að plana böll og það er ógeðslega gaman“ og „bara að gera árið eins skemmtilegt og hægt er“. Athygli vekur að Jökulsskóli var eini skólinn sem hafði strák í stöðu varaformanns, í þeim skólum sem höfðu sérstakar stöður innan nemendaráðanna, þ.e. Jóns-, Arnars- og Jökulsskóla, skipuðu stelpur stöðu formanns og varaformanns alls staðar nema í Jökulsskóla þar sem varaformaðurinn var strákur. Mikilvægi þess að jafna stöðu kynjanna innan nemendaráða virtist vera bæði nemendum og starfsmönnum skólanna ljóst, en þær stelpur sem rætt var við gáfu dæmi um „allsráðandi strákahópa“ og hvernig kennarar reyndu að sporna við slíkri menningu með því að fá stelpur til að sækjast eftir stöðu í nemendaráði í skólum þar sem hefðbundið valferli fer fram.

Í Viktorsskóla, þar sem ráðið er opið öllum, útskýrði stelpa í 10. bekk sem hefur þrisvar tekið þátt í nemendaráði að árið áður hefði verið mikil hópaskipting innan ráðsins og að strákahópur hefði þar verið allsráðandi:

Það var nefnilega mjög mikið í tíunda bekk í fyrra þá var þetta mjög mikið bara einn stór vinahópur sem er bara alfarið að sjá um þetta og þá var eiginlega bara engum öðrum boðið með og marga langaði mikið að taka þátt í þessu en maður komst aldrei skilurðu almennilega inn í þetta því það var alltaf bara ein grúppa. (Stelpa í 10. bekk í Viktorsskóla).

Tilvitnunin hér að ofan lýsir hvernig nemendaráð Viktorsskóla, sem í grunninn var hugsað sem opinn og aðgengilegur vettvangur fyrir alla nemendur, þjónaði engu að síður ákveðnum hópi nemenda með mikið audmagn. Frásögnin hér að ofan er einnig áhugaverð þar sem þeir viðmælendur sem töluðu

mest í viðtalinu í Viktorsskóla greindu frá að þar ríkti lýðræði, að allir gætu tjáð skoðanir og að þær væru virtar. Mótsagnir í þessum anda komu einnig fram í svörum nemenda við spurningunum sem þau svöruðu einslega, en þar var algengt að nemendur greindu frá að ekki gætu allir tjáð sig innan nemendaráðsins. Velta má fyrir sér að hve miklu leyti vettvangur nemendaráðanna sé í raun lýðræðislegur og opinn í anda þess lýðræðis sem Dewey skrifaði um og haldið hefur verið á lofti í tengslum við norrænt og lýðræðislegt skólastarf (Atli Harðarson, 2016; Telhaug o.fl., 2006).

Upplifun og reynsla viðmælenda var ekki einungis ólík eftir kyni fulltrúanna heldur einnig aldri, en eldri viðmælendur, og þá aðallega stelpur, töluðu mun meira í viðtölunum en yngri nemendur. Í frásögnum viðmælendanna endurspegluðust einnig, ýmist með beinum eða óbeinum hætti, frásagnir um stigveldi innan nemendaráða þar sem 10. bekkingar stjórnuðu mestu innan ráðanna og 8. bekkingar höfðu alla jafna minnsta valdið. Stigveldisskiptingin var áberandi í Arnarsskóla en þar lýsti strákur sem hafði setið í nemendaráði öll þrjú árin á elsta stigi reynslu sinni svona: „Ég fékk ekkert að gera neitt í áttunda bekk sko, nei það var aðallega skilurðu tíundi og níundi bekkur sem fékk að ráða en aðallega tíundi.“ Formanni nemendaráðs Arnarsskóla, stelpu í tíunda bekk, þótti stigveldisskipting eftir aldri edlileg og sagði í kjölfarið: „Áttundu bekkingar mega alveg vera hér en þurfa þess ekki endilega, þau hafa svo lítið að segja.“

Frásagnir þeirra styðja greiningu Bourdieu á að innan hvers vettvangs mótist ákveðnar leikreglur og togstreita um þau gæði sem metin séu að verðleikum. Á vettvangnum skapast jafnframt félagsleg staða einstaklinga sem byggist á virðingu og viðurkenningu í samræmi við gildi vettvangsins (Bourdieu og Wacquant, 1992; Gestur Guðmundsson, 2012). Viðmælendur lýstu jafnframt hvernig staða þeirra innan vettvangs nemendaráða styrktist með hækkandi aldri, samhliða því að leikreglur og viðmið lærdust í samskiptum við eldri nemendur. Ofangreind dæmi undirstrika enn frekar ávinning og forskot nemenda sem hafa fyrri reynslu af þátttöku innan nemendaráða auk þess að gefa skýrt til kynna að kyn nemenda spili einnig ákveðið hlutverk varðandi aðgengi og völdum innan nemendaráða í grunnskólunum.

Nemendaráð er vettvangur sem veitir útvöldum nemendum félagslegt og menningarlegt forskot

Ýmsir þættir spila inn í aðgengi, valferli og völd þeirra fulltrúa sem sitja í nemendaráðum í þeim skólum sem tóku þátt í rannsókninni. Viðmælendur voru heldur einsleitir hópur, hvort sem horft er til félagslegrar stöðu eða þeirrar reynslu sem þau lýstu í viðtölunum. Viðmælendurnir teljast almennt til hóps með sterka stöðu innan menntavettvangsins, með réttan veruhátt og táknrænt auðmagn. Til viðbótar því að stærsti hluti viðmælenda taldi félagslega stöðu sína góða lýstu nemendur í skólum sem beittu hefðbundnum valaðferðum því sérstaklega hvernig staða þeirra hefði styrkst enn frekar með þátttöku í nemendaráðinu. Strákur í 8. bekk í Jónsskóla talaði um að hafa eignast fleiri vini á samfélagsmiðlinum Snapchat eftir að hann fór í nemendaráðið. Þar að auki sögðu nemendur Emilsskóla frá því að tengslanet þeirra utan skólans hefði stækkað með þátttöku þeirra í nemendaráðinu:

„Við fáum að fara á landsmót Samfés“ „já svona við fáum svona fleiri opportunities [tækifæri] en aðrir sem eru ekki í nemendaráðinu“ „og stundum þá eins og þegar ég var í áttunda bekk þá fékk nemendaráðið forgang á Samfés og við fáum stundum forgang í eitthvað svona“ „já það er smá svona benefit [ávinningur] að vera í nemendaráðinu.“ (Nemendaráðsmeðlimir úr Emilsskóla).

Viðmælendum þótti það því ákveðin hvatning að fá forgang og fleiri tækifæri með þátttöku sinni í nemendaráðum. Aðspurðir um gagnsemi nemendaráða voru tíundu bekkingar flestir sammála um að þátttaka þeirra í nemendaráði gæti gagnast þeim til að komast frekar inn í eftirsóttu framhaldsskóla. Þessi niðurstaða samsvarar þeirri þróun að menntakerfið sé að aðgreinast enn frekar og að tilteknir

skólar sækist eftir ákveðnum nemendum frekar en öðrum (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018). Formaður nemendaráðs Arnarsskóla lýsti áhrifum þess að taka þátt í nemendaráði í tengslum við framhaldsskólalaval svona: „Það hljómar miklu betur þegar ég er að sækja um í framhaldsskóla og mig langar að setja það svona eða segja frá því þegar ég sæki um þá eru meiri líkur á að ég komist inn og þetta er bara svona eins og aukastig.“ Áhugavert er þó að þessar hugmyndir komu alla jafna frekar frá stelpum en stráköm. Stelpur virtust þannig huga meira að gagnsemi nemendaráða í tengslum við framtíðarmöguleika, á meðan strákar tengdu ágóða nemendaráðsins frekar við líðandi stund, til dæmis í formi skemmtunar eða fríðinda. Jökulsskóli stóð þó út úr þar sem strákar þar gerðu sér grein fyrir ágóða þess fyrir framtíðina að vera í nemendaráði.

Þátttaka viðmælenda í nemendaráði veitti þeim menningarlegt forskot á samnemendur sína, bæði með beinum og óbeinum hætti. Óbeint forskot kom til dæmis vel fram í lýsingu stelpu í 10. bekk úr Viktorsskóla þegar hún sagði: „Þetta hefur undirbúið mig betur fyrir félagslífið sem kemur í menntaskóla og hverju maður má búast við til að vera valin í nefndir og þannig.“ Í Jökulsskóla var forskotið framreitt með skýrari hætti, en þar fá nemendur viðurkenningarskjal við útskrift þar sem tekin er fram þátttaka þeirra og framlag til nemendaráðsins. Formaður nemendaráðs Jökulsskóla, stelpa í 10. bekk, sagði í kjölfarið: „Ef maður er í nemendaráðinu þá kannski sést að maður er góður í að hafa samskipti við fólk og vinna með öðrum.“ Þannig má segja að fulltrúar nemendaráðanna hafi mörg upplifað hlutverk sitt í stærra samhengi, til framtíðar og sem hluta af lýðræðislegu ferli (Griebler og Nowak, 2012; Shier, 2019).

Áhersla á félagsleg samskipti var einkar áberandi í máli viðmælenda, sem flest töldu reynslu sína af setu í nemendaráði hafa aukið færni þeirra í framkomu og samskiptum. Strákur úr 9. bekk í Jónsskóla gaf eftirfarandi dæmi um samskiptalegan ávinning þess að vera í nemendaráði: „Eins og þegar maður er í 8. bekk með einhverjum sem eru tveim árum eldri þá þarf maður bara að læra að verða betri í samskiptum yfirhöfuð.“ Í ljósi þátttökulíkans Lundy (2007) má einnig túlka slíkar frásagnir sem dæmi um hvernig nemendur, þegar þeir fá virkt rými og rödd í gegnum vettvang á borð við nemendaráð, öðlast aukin tækifæri til að tengjast öðrum og hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Þessi tengsl komu skýrast fram í Jökulsskóla þar sem fyrirkomulagið hvatti til þess að nemendur væru ekki aðeins að styrkja sinn eigin og oft einsleita veruhátt, heldur skapaðist einnig tækifæri til félagslegra tengsla við nemendur úr ólíkum hópum, tengsl sem hefðu mögulega ekki myndast annars. Þessar niðurstöður varpa ekki einungis ljósi á félagsleg áhrif þátttöku í nemendaráðum heldur opna einnig fyrir dýpri hugmyndir um markmið nemendaráða sem vettvang lýðræðislegrar hæfni og gilda (Ragný Þóra Guðjohnsen og Eva Harðardóttir, 2025). Mikilvægt er að velja því upp hvort þátttaka í nemendaráðum krefjist ákveðinnar færni sem ekki allir nemendur búa yfir og hvort slík krafa ýti þá, jafnvel ómeðvitað, undir útilokun tiltekinna hópa, sér í lagi þeirra sem ekki búa yfir sambærilegu félags- eða menningarauðmagni. Slíkar spurningar endurspeglar mikilvægi þess að rýna ekki aðeins í formlegt aðgengi og valferli nemendaráða heldur einnig í þau ósýnilegu viðmið og væntingar sem kunna að móta þátttöku og áhrif nemenda innan þeirra, sem og hlutverk skóla til að skapa öllum nemendum jafnan aðgang að þátttöku í nemendaráðum.

Bourdieu (1997; Bourdieu og Passeron, 1990; Bourdieu og Wacquant, 1992) einblíndi í verkum sínum á hvernig mismunun endurskapast og viðhelst innan menntavettvangsins þar sem menntavettvangurinn er hannaður af valdakerfi og veruhætti ráðandi hópa sem þekkja leikreglur hans. Slíkar hugmyndir endurspegluðust vel í svörum viðmælenda sem töluðu alla jafna um að nemendaráð væri opinn vettvangur, en lýstu samtímis hvernig ákveðnar týpur veldust frekar inn í nemendaráð en aðrar. Samspil veruháttar og vettvangs gegndi lykilhlutverki í slíkum dæmum, þar sem viðmælendur virtust bæði gera sér góða grein fyrir slíku samspili og réttlæta það, líkt og menntakerfið, með því að bera fyrir sig hlutleysi (Auður Magnús Auðardóttir, 2022; Bourdieu og Passeron, 1990). Stelpa í 10. bekk frá Emilsskóla orðaði vel þessa flóknu inngildinguna allra nemenda að lýðræðislegri þátttöku:

Mér finnst að þú veist, jú náttúrulega þeir sem eru feimnir eiga alveg að geta átt séns á að komast en þú veist, mér finnst samt alveg líka að þeir sem eru í nemendaráðinu eiga að geta farið fyrir framan fólk og talað þú veist, að geta talað saman svona án þess að vera eitthvað úti í horni að segja ekki neitt, og já eins og ein vinkona mín hana langaði alveg að bjóða sig fram en hún þorði ekki að fara upp á svið að tala við allan árganginn og þá er þetta bara ekki fyrir hana. (Stelpan í 10. bekk úr Emilsskóla).

Frásögn hennar á þó frekar við um skóla með hefðbundið valferli þar sem nemendur þurfa að fara í framboð og auglýsa sig til að ná kosningu, en styður engu að síður við þá hugmynd að táknrænt ofbeldi birtist á vettvangi nemendaráða. Líkt og hún greindi frá er nemendaráð bara ekki fyrir vinkonu hennar vegna duldu kröfunnar um ófeimna nemendur, sem sjálfkrafa félagslega undirskipar og útilokar ákveðin börn frá vettvanginum (Auður Magnús Auðardóttir, 2022; Bourdieu og Passeron, 1990).

Samantekt og lokaorð

Markmið rannsóknarinnar var að kanna val á nemendum í nemendaráð íslenskra grunnskóla og rannsaka hvort nemendaráð væru vettvangur þar sem valdauppbygging samfélagsins endurskapaðist. Rannsóknarspurningarnar sem lágu til grundvallar voru (1) Hvernig endurspeglar val á nemendum í nemendaráð félagslegan bakgrunn þeirra og stöðu innan skólasamfélagsins? og (2) Hverjir hafa völd innan vettvangs nemendaráða og með hvaða hætti birtast slík völd?

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að valferli og aðgengi að nemendaráðum sé í raun takmarkað. Sú staðreynd að val í nemendaráð byggist á félagslegum bakgrunni, vinsældum og fyrri reynslu bendir til þess að ekki hafi allir nemendur jöfn tækifæri til þátttöku. Með hliðsjón af þátttökulíkani Lundy (2007) má velja fyrir sér hvort nemendur fái raunverulega að njóta lýðræðislegrar þátttöku í gegnum nemendaráð. Þó að sumir nemendur fái vettvang til að bjóða sig fram og rödd til að tjá skoðanir sínar, er óljóst hvort sú rödd sé tekin alvarlega af áheyrendum eða leiði til raunverulegra áhrifa. Ef þátttaka nemenda byggist fyrst og fremst á hæfni þeirra til að koma fram félagslega og tala upphátt, án þess að tryggja sé að fjölbreyttar raddir fái áheyrn og að hafa áhrif, verður lýðræðislegur tilgangur nemendaráða að hluta til takmarkaður. Þar að auki sýna niðurstöðurnar að völd innan nemendaráða dreifast ekki jafnt, þar sem aldur og kyn nemenda hefur áhrif á ákvarðanatöku. Nemendaráð veitir þannig ákveðnum nemendum félagslegt og menningarlegt forskot, sem getur haft áhrif á framtíð þeirra og stöðu í samfélaginu.

Þeir þátttakendur rannsóknarinnar sem komust í nemendaráð með hefðbundnu valferli gerðu sér grein fyrir að valið byggðist bæði á einstaklingsbundnum þáttum og væri hópatengt. Líkt og rannsókn Berglindar Rósar Magnúsdóttur og Unnar Eddu Garðarsdóttur (2018) leiddi í ljós er algengast að valferli mótist af stéttarbakgrunni og kynferði. Bakgrunnsspurningarnar gerðu kleift að draga fram skýrari mynd af félagslegri stöðu viðmælenda, sem almennt reyndist góð og einkennast af miklu félagslegu og menningarlegu auðmagni. Viðmælendur greindu einnig frá að strákar væru frekar valdir en stelpur í kosningum þrátt fyrir minni virkni, vilja og framlag. Veruháttur viðmælenda hafði einnig áhrif á val þeirra í ráðin, sem samræmist rannsóknnum Guðbjargar Vilhjálmisdóttur (2005, 2008) þar sem hún greindi frá hvernig veruháttur aðgreinir ungmenni.

Hall (2001) benti á hvernig ástæður fyrir vali eru gjarnan óljósar, og í tengslum við menntavettvanginn grundvallast það á rótgrónum hugmyndum verðleikaræðis. Menntakerfið nær þannig að réttlæta þann diltadrátt og þá félagslegu lagskiptingu sem það raðar nýjum kynslóðum í. Ákveðin mótsögn birtist í niðurstöðunum þar sem viðmælendur greindu frá að allir nemendur ættu rétt á aðgengi að lýðræðislegri þátttöku, en sögðu þó að sumir nemendur væru hentugri en aðrir í nemendaráð. Samspil veruháttar og vettvangs gegnir hér lykilhlutverki, en líkt og menntakerfið sjálft báru viðmælendur fyrir sig hlutleysi í þessu formfasta kerfi og þar með kemst menntakerfið upp með að endurskapa ráðandi hópum vald (Auður Magnús Auðardóttir, 2022; Bourdieu og Passeron, 1990). Niðurstöður

ríma afar vel við kenningar Bourdieu (1997; Bourdieu og Wacquant, 1992) og þá þróun sem hefur átt sér stað innan menntakerfisins þar sem síaukin aðgreining og lagskipting á sér stað (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018).

Nemendaráðin voru valin með ólíkum aðferðum og kom það því á óvart hve einsleitur viðmælendahópurinn var, bæði varðandi félagslegan bakgrunn, stöðu og framkomu í viðtölunum. Þar að auki má sjá mikil líkindi rannsóknarinnar við nýlegar rannsóknir á nemendaráðum, til að mynda frá öðrum Norðurlöndum, þar sem fjallað hefur verið um að yngri nemendur, fatlaðir nemendur og nemendur af erlendum uppruna hafi afar takmarkað aðgengi að nemendaráðum í gegnum hefðbundin valferli (Long og Grant, 2024; Ragný Þóra Guðjohnsen og Eva Harðardóttir, 2025). Þrátt fyrir að nemendaráðum sé ætlað að vera vettvangur lýðræðislegrar þátttöku allra nemenda (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) má efast um lýðræðislegt gildi slíkrar þátttöku þegar valið endurspeglar félagslega aðgreiningu frekar en skapandi lýðræði á grunni jöfnuðar og fjölbreytileika (Atli Harðarson, 2016). Í ljósi þátttökulíkans Lundy (2007) má einnig velja fyrir sér hvort þær raddir sem hafa aðgengi að nemendaráðum grunnskóla séu raunverulega fjölbreyttar ef sömu nemendur fá tækifæri aftur og aftur, á kostnað annarra. Það vekur upp spurningar um hvort vettvangurinn virki frekar sem lokaður hringur þar sem aðeins ákveðnir hópar fái að njóta áheyrnar og hafa áhrif, sem stangast á við meginmarkmið lýðræðis og borgaravitundar í skólastarfi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að nemendur með verðugan veruhátt og táknrænt auðmagn höfðu forskot á aðra samnemendur sína að aðgengi nemendaráða, sem og að valdi innan nemendaráðsins. Ekki er þó hægt að kenna viðmælendum um að þau þekktu leikreglur vettvangsins og nýttu þær sér til framdráttar. Vandamálið liggur í stærra samhengi menntakerfisins sem upphafur formlegt og afmarkað lýðræði á kostnað fjölbreyttara starfs í þágu lýðræðis og inngildingar í skólastarfi. Niðurstöður benda til þess að fulltrúar nemendaráða fái ekki nægilega fræðslu eða samtal um hvað það þýði í raun að vera í nemendaráði, hver hlutverk þeirra séu og hvaða möguleikar séu í boði til áhrifa.

Ein möguleg og mikilvæg skýring orsakast af vöntun á almennri formfestu í útfærslu og utanumhaldi nemendaráðanna, enda er það lögum samkvæmt undir hverjum skóla komið að útfæra valferli og verkefni þeirra (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Flestir skólanna í þessari rannsókn héldu sig við hefðbundin valferli og gerðu takmarkaðar tilraunir til að efla inngildinguna eða merkingarbærni verkefna innan ráðsins. Undantekningin var þó Jökulsskóli þar sem fyrirkomulag á vali nemenda tryggði betri þátttöku, aukið aðgengi og meiri virkni í starfsemi nemendaráðsins að mati viðmælenda. Aðferð þeirra, þar sem nemendur sækja sérstaklega um inngöngu í nemendaráðið með því að lýsa vilja sínum og áhuga á þátttöku, var hugsuð til að draga úr áhrifum vinsældakosninga sem áður voru ráðandi. Að mati nemendanna breyttist umgjörð ráðsins til hins betra með þessari valaðferð og líkurnar á jafnari og fjölbreyttari samsetningu nemenda jukust. Til að tryggja meira jafnræði í vali nemenda þyrfti því að innleiða blandaðri aðferðir í anda þess sem Jökulsskóli hefur þróað. Þó að slíkt fyrirkomulag falli ekki undir hefðbundið stofnanabundið lýðræði má líta á það sem raunhæfa leið til að efla lýðræðislega þátttöku í anda Dewey (Atli Harðarson, 2016), þar sem áhersla er lögð á lýðræði sem félagslega reynslu og þátttöku í samfélaginu. Ef tekið er mið af líkani Lundy (2007) má einnig rökstyðja að slík nálgun geti stuðlað að aukinni breidd í röddum, tryggt stærri og fjölbreyttari áheyrn og skapað meira svigrúm til áhrifa, sérstaklega fyrir þá nemendur sem annars gætu átt erfitt með að láta til sín taka í hefðbundnum valferlum. Sú staðreynd að flestir fulltrúar nemendaráðanna, þvert á þá fimm skóla sem tóku þátt í rannsókninni, þar með talið Jökulsskóla, höfðu yfir að búa sambærilegu félags- og menningarauðmagni undirstrikar skýrt þörfina á gagnrýninni endurskoðun á valferlisaðferðum nemendaráða innan íslenskra grunnskóla og að mikilvægt sé að finna nýjar og fjölbreyttari leiðir sem hafa ávinning fjölbreytileikans að leiðarljósi. Í ljósi þess að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögfestur hér á landi ber stjórnvöldum og menntastofnunum skylda til að tryggja öllum börnum jafnt aðgengi að lýðræðislegri þátttöku og að skoðanir þeirra

hafi raunverulegt vægi í þeim málum sem þau varða. Hér er því ekki einungis um faglega áskorun að ræða heldur er það einnig lagalegt og siðferðislegt ábyrgðarhlutverk samfélagsins gagnvart börnum og ungmennum. Með því að bregðast við þessum áskorunum geta nemendaráð orðið að merkingarbærum vettvangi til lýðræðislegrar þátttöku fyrir öll börn og ungmenni, óháð félagslegum bakgrunni þeirra og valdastöðu innan og utan veggja skólans.

Excluded or Selected: Selection Processes and Accessibility of Student Councils in Icelandic Primary Schools

In contemporary society, children's social participation has significantly increased alongside greater emphasis on student democracy within educational system. The selection of students for student councils represents a key aspect of democratic participation in school life, intended to offer students a platform to voice their opinions and engage actively in decision-making processes. Over recent decades the education system has undergone notable transformations, characterised by increasing social stratification, a growing need for differentiation among students and marketisation. Schools have consequently become meaningful fields for the reproduction of social inequalities where the ideals of equal opportunity often conflict with the underlying structures of social power.

This study conducted five focus group interviews with over eighty students currently participating in student councils in Icelandic primary schools. The primary aim of the research is to explore how students' social backgrounds are reflected in the selection processes of student councils. Additionally, the study seeks to examine whether student councils serve as a field where societal power structures are reproduced and maintained. The two guiding research questions are: (1) How does the selection of students for student councils reflect their social background? and (2) Who holds power within the field of student councils?

Using thematic analysis of the focus group interviews, the researcher constructed three main themes: (i) traditional selection processes for student councils reflect social stratification, (ii) unequal distribution of power in student councils and (iii) student councils act as a field that provides selected students with social and cultural advantages. These themes reveal that student councils, much like the school system itself, operate as mechanisms for the reproduction of class structures, wherein dominant groups consolidate and extend their privileged status.

The findings of this study align with broader developments within education systems internationally, where the differentiation of students based on performance, background or social status has become increasingly normalised. Students who possess a "suitable" habitus, along with symbolic capital such as social confidence, popularity and recognised forms of knowledge and behaviour, gain an advantage not only in accessing student councils but also in influencing decisions within them. In this way student councils often reinforce existing hierarchies rather than providing an open and egalitarian field for all students.

These findings also reflect the concerns raised by Laura Lundy, who emphasises that while children's right to express their views is widely recognised through Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child, its implementation often falls short. According to Lundy, meaningful participation requires not only that children are given space and voice, but also that their views are actively listened to and influence

decisions. The current structure of student councils, as highlighted in this study, shows that certain students' voices are prioritised over others, limiting true democratic engagement.

These results resonate with Bourdieu's theories of social reproduction and symbolic violence. Bourdieu argued that educational institutions contribute significantly to the maintenance of social inequalities by valuing the forms of capital already held by the dominant social groups. Similarly, the findings of this study indicate that student councils, while ostensibly democratic, function within the same frameworks that privilege certain students over others, often based on invisible but deeply entrenched social norms.

Furthermore, the study highlights the discrepancy between policy intentions and actual practice. While Icelandic education policy, including the National Curriculum Guide and the government's Education Policy Action Plan, emphasises democratic values and student participation, the findings suggest that systemic barriers continue to limit the equality of access and influence within student councils. International commitments, such as those set by the Nordic Council of Ministers to prompt inclusion, democracy and sustainability in education by 2030, also underline the need for educational institutions to bridge the gap between ideals and practice.

Given these insights, the study underscores the urgent need for a critical re-evaluation of selection processes for student councils in Icelandic primary schools. It stresses the importance of abandoning traditional selection methods for student councils and developing new and more inclusive methods that ensure genuine opportunities for all children to participate in democratic structures, regardless of their social background or perceived social status.

Addressing these structural inequalities is essential, not only for achieving a more democratic and inclusive school environment, but also for fostering broader societal change. By ensuring that all students have equal opportunities to engage, contribute and influence decision-making processes within schools, the education system can better fulfil its role in promoting active citizenship, social justice and democratic values. In doing so schools may truly become fields where every child's voice is heard, respected and acted upon.

Keywords: student council, selection process, social stratification, capital, democratic participation

Um höfunda

Aníta Jasmín Finnsdóttir (anitajasmin1234@gmail.com) lauk MA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vorið 2025. Hún lauk einnig BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 2023.

Eva Harðardóttir (evahar@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar snúa að hnattrænni borgaravitund og þátttöku ungs fólks, menntastefnumótun og markmiðum menntunar. <https://orcid.org/0000-0002-9286-7773>

Auður Magndís Auðardóttir (ama@hi.is) er dósent í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún hefur rannsakað stétt, kyn og hinsegin málefni í tengslum við skólastarf og uppeldi. <https://orcid.org/0000-0002-3959-2731>

About the authors

Aníta Jasmín Finnsdóttir (anitajasmín1234@gmail.com) completed an MA degree in Education Studies at the Faculty of Education at the University of Iceland in spring 2025. She completed a BA degree in Sociology from the University of Iceland in 2023.

Eva Harðardóttir (evahar@hi.is) is an Assistant Professor at the School of Education, University of Iceland. Her research revolves around global citizenship and youth participation, educational policy-making and the purpose of education. <https://orcid.org/0000-0002-9286-7773>

Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is) is an Associate Professor in Childhood, Youth and Education Studies at the School of Education, University of Iceland. She studies topics related to class, gender and LGBTQ+ issues in schools and families. <https://orcid.org/0000-0002-3959-2731>

Heimildir

- Atli Harðarson. (2016). Lýðræði og menntun: Hugleiðing um aldargamla bók. *Netla – Vefímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/lydraedi-og-menntun-hugleiðing-um-aldargamla-bok/>
- Auður Magnús Auðardóttir. (2021). 'I am the black duck' affective aspects of working-class mothers' involvement in parental communities. *British Journal of Sociology of Education*, 43(1), 22–39. <https://doi.org/10.1080/01425692.2021.1999791>
- Auður Magnús Auðardóttir. (2022). Aðgreining, tilfinningar og kynjaður veruleiki foreldra í stéttskiptu þjóðfélagi. *Skírnir*, 196(1), 31–52. https://www.researchgate.net/publication/362209083_Aðgreining_tilfinningar_og_kynjadur_veruleiki_foreldra_i_stettskiptu_thjodfelagi
- Ármann Jakobsson. (2002). *Kröpp lægð yfir Vesturheimi*. *Ritið*, 2(3), 49–67. <https://timarit.is/page/6202307#page/n50/mode/2up>
- Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018). Ólíkur félagslegur og menntapólitískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla: Nám til stúdentsprófs í 20 ár af sjónarhóli framhaldsskólakennara og -stjórnenda. *Sérít Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.12>
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Um Barnasáttmálann*. <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/umfjollun-um-barnasattmalann>
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). „Að tryggja framboð og fjölbreytileika“: Nýfrjálshyggja í nýlegum stefnuskjölum um námsgagnagerð. *Uppeldi og menntun*, 22(2), 55–76. <https://ojs.hi.is/index.php/uppmennt/article/view/1972>
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunarauðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen. (2024). Útvalin og úrvals: Stofnanaháttur elítuskóla og vegferð stúdentsefna í Reykjavík og Helsinki. *Sérít Netlu 2024 – Framhaldsskólinn – Menntastefna og félagslegt réttlæti*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2024.1>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir. (2018). „Bara ekki mínar týpur!“ Sjálfsmyndarsköpun, félagsleg aðgreining og framhaldsskólalval. *Sérít Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.13>
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. Routledge.
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. Richardson (ritstjóri), *Handbook of theory and research for the sociology of education* (bls. 15–29). Greenwood Press.
- Bourdieu, P. (1989). Social space and symbolic power. *Sociological Theory*, 7(1), 14–25. <https://doi.org/10.2307/202060>
- Bourdieu, P. (1993). *Sociology in question*. Sage.

- Bourdieu, P. (1997). Cultural reproduction and social reproduction. Í J. Karabel og A. Halsey (ritstjórar), *Power and ideology in education* (bls. 487–511). Oxford University Press.
- Bourdieu, P. og Passeron, J. C. (1990). *Reproduction in education, society and culture* (2. útgáfa). Sage.
- Bourdieu, P. og Wacquant, L. (1992). *An invitation to reflexive sociology*. University of Chicago Press.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Eva Harðardóttir. (2022). Að varðveita heiminn: Hannah Arendt og menntakrísan. *Sérarit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.92>
- Eygló Rúnarsdóttir. (2017). Lýðræði og frístundastarf. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar), *Frístundir og fagmennska: Rit um málefni frítímans* (bls. 27–40). Félag fagfólks í frítímaþjónustu; Félag íþróttta-, æskulýðs- og tómsundafulltrúa á Íslandi; Rannsóknarstofa í tómsundafræðum.
- Gestur Guðmundsson. (2012). *Félagsfræði menntunar* (2. útgáfa). Skrudda.
- Griebler, U. og Nowak, P. (2012). Student councils: A tool for health promoting schools? Characteristics and effects. *Health Education, 112*(2), 105–132. <https://doi.org/10.1108/09654281211203402>
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2005). Habitus íslenskra unglinga. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 77–86). Félagsvísindastofnun; Háskólaútgáfa.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2008). Habitus íslenskra ungmenna á aldrinum 19–22 ára. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 195–202). Félagsvísindastofnun; Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson. (2013). Social aspect of career choice from the perspective of habitus theory. *Journal of Vocational Behavior, 83*(3), 581–590. <https://doi.org/10.1016/j.jvb.2013.08.002>
- Guðrún Kristinsdóttir. (2017). *Þátttaka barna í vísindarannsóknunum: Almenn leiðsögn*. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. https://hi.is/sites/default/files/sverrirr/thatttaka_barna_i_rannsoknum.pdf
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2008). Lýðræði – drög að greiningu. *Stjórnsmál og stjórnsýsla, 4*(1), 89–111. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2008.4.1.4>
- Halfon, E. (2022). Socially active volunteering students: The case of student councils. *Children & Society, 37*(3), 890–905. <https://doi.org/10.1111/chso.12636>
- Hall, S. (2001). Foucault: Power, knowledge and discourse. Í M. Wetherell, S. Taylor og S. J. Yates (ritstjórar), *Discourse theory and practice* (bls. 72–81). Sage.
- Háskóli Íslands. (2020). *Síðareglur háskólanna um vísindarannsóknir*. https://hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf
- Hill, M. (2004). Ethical considerations in researching children's experiences. Í S. Greene og D. Hogan (ritstjórar), *Researching children's experience* (bls. 61–86). Sage.
- Lareau, A. (2002). Invisible inequality: Social class and childrearing in black and white families. *American Sociological Review, 67*(5), 747–776. <https://doi.org/10.1177/000312240206700507>
- Long, K. A. og Grant, C. (2024). Child participation in South African primary schools: How useful is the Lundy model? *South African Journal of Childhood Education, 14*(1). <https://doi.org/10.4102/sajce.v14i1.1354>
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal, 33*(6), 927–942. <https://www.jstor.org/stable/30032800>
- Lög um grunnskóla nr. 63/1974.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti: Greinasvið 2013*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021). *Menntastefna 2030: Fyrsta aðgerðaaætlun 2021–2024*. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2021/09/28/Menntastefna-til-2030-Fyrsta-adgerdaaetlun/>
- NICCY. (2022). *Report of the children's commissioners of Northern Ireland, Scotland and Wales to the United Nations committee on the rights of the child*. <https://www.cypcs.org.uk/resources/joint-report-crc2022/>
- Norræna ráðherranefndin. (2020). *The Nordic region – towards being the most sustainable and integrated region in the world*. <https://pub.norden.org/politikknord2020-728/#>

- Ragný Þóra Guðjohnsen og Eva Harðardóttir. (2025). *Student councils and democratic participation in the Nordic region*. Nordic Welfare Centre. <https://doi.org/10.52746/vexg8822>
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2022). Áherslur á mannréttindi í skólastarfi: Innsýn í aðferðir Réttindaskólans. *Sérrit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.73>
- Schulz, W., Friedman, T. og Fraillon, J. (ritstjórar). (2024). *ICCS 2022 technical report*. ICCS/IEA. <https://www.iea.nl/sites/default/files/2024-07/ICCS%202022%20Technical%20Report.pdf>
- Shier, H. (2019). Student voice and children's rights: Power, empowerment, and "protagonismo". Í M. Peters (ritstjóri), *Encyclopedia of teacher education* (bls. 1–6). Springer. https://doi.org/10.1007/978-981-13-1179-6_27-1
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja – ákall 21. aldar*. Heimskringla.
- Sólveig Birna H. Elísabetardóttir. (2024). „Það er ekkert gert og ekkert sagt, þetta er bara fyrir eitthvað show, eiginlega“: *Upplifun nemenda á elsta stigi af þátttöku sinni í félagsstörfum í grunnskóla* [meistararitgerð, Háskólinn á Akureyri]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/47834>
- Telhaug, O. A., Mediås, A. O. og Aasen, P. (2006). The Nordic model in education: Education as part of the political system in the last 50 years. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 50(3), 245–283. <https://doi.org/10.1080/00313830600743274>
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmali-sameinudu-thjodanna/barnasattmalinn-i-heild-sinni/sattmali-sameinudu-thjodanna-um-rettindi-barnsins>
- Umboðsmaður barna. (2023). *Barnasáttmálinn og réttindi barna: Skýrsla umboðsmanns barna lögð fram á barnþingi 17. nóvember 2023*. <https://www.barn.is/umbodsmadur-barna/utgefing-efni/skyrslur/nr/2301>
- Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Geirsdóttir. (2018). 'You know, nothing changes': Students' experiences in influencing pedagogic practices in various upper secondary schools in Iceland. *Pedagogy, Culture & Society*, 26(4), 631–646. <https://doi.org/10.1080/14681366.2018.1439995>
- Þingskjal nr. 568/2005. Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um nemendaráð í grunnskólum. <https://www.althingi.is/altext/132/s/0568.html>